

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 27. apríl 2017 kl. 9:30, en þetta var 52. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (23. mars 2017) var samþykkt.

2. Orðabókarvinnan

Rætt var áfram um útgáfu þriðja heftis „Orðasafns í líffærafræði“ sem á að innihalda heiti úr blóðrásarkerfinu og tók nefndin endanlega ákvörðun um að ráðast í þessa útgáfu. Rætt var um skipulag og væntanlegt útlit og að lífga mætti upp á heftið með skýringarmyndum. Einnig var rætt um þann möguleika að hafa íslensku sem aðalmál í heftinu og helstu rök með því og á móti. JHJ lagði fram skjal með færslum um 30 helstu slagæðar líkamans þar sem búið var að setja inn skilgreiningar.

Leitað hefur verið eftir samstarfi við Hannes Petersen um þessa útgáfu eins og þær fyrri og hefur hann samþykkt það. Mikilvægt er að heftið taki mið af þörfum nemenda.

3. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 22. júní 2017 kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 10:30.